

Kennsluáætlun 2026-2027

1. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára og Vigdís



Markmið:

Að nemendur

- Geti horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni.
- Þekki lesáttina.
- Geti valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lefsefni sem hæfir aldri.
- Skrifi skýrt og læsilega.
- Þekki skriftaráttina.
- Þekki sérhljóð og samhljóð.
- Geti fundið fyrsta og síðasta hljóð í orði.
- Geti unnið með lykilorð og fundið orð í orði og orð úr orði.
- Greini frá upplifun sinni eftir áhorf/hlustun.
- Þekki alla íslensku há- og lágstafina.
- Geti unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Dragi rétt til allra íslensku há- og lágstafanna.
- Geti farið í orðaleiki.
- Kunni stafrófið.
- Þekki hugtakið bókstafur, orð og málsgrein.
- Þekki hljóð allra íslensku bókstafanna.
- Skrifi stutt orð og setji saman í stuttar málsgreinar.
- Kunni að ríma.
- Beiti aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel.
- Skrifi stutta frásögn (5-7 setningar).

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Kennslustund hefst á upprifjun fyrri tíma og við tekur svo innlögn á efni tímans. Nemendur vinna í stuttum vinnulotum, í kringum 20 mínútur í senn ásamt uppbroti í miðju tímans. Uppbrotið reynir á t.d. félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans ásamt fleiru.

Nemendur hafa sinn námsfélaga og munu þeir af og til kljást saman við ýmsar spurningar sem hvetja til samræðna tengt efninu. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í þörum/hópum með skólafélögum. Nemendur vinna einstaklingslega í vinnubókum en geta leitað eftir aðstoð sessunautar ef svo ber undir. Í verkefnum frá kennurum vinna nemendur oft í hópum og styðja hvert annað í náminu. Verkefnum utan vinnubóka er safna í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum.

Nemendur þjálfu upplestur með því að lesa fyrir kennara/stuðningsfulltrúa/samnemanda í kennslustund að jafnaði 4 sinnum á viku eða eins oft og kostur gefst. Meðan á lestri stendur fá nemendur leiðsögn frá kennara/stuðningsfulltrúa.

Námsmat:

- Leiðsagnarnám/-mat verður leiðarljós við allt námsmat.
- Nemendur meta sín verkefni ásamt kennurum og fá endurgjöf á vinnu sína.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt stöðumat á 5-6 vikna fresti til að rifja upp það sem búið er að gera og festa ýmis hugtök og aðgerðir betur í minni nemandans.
- Við lok hvernar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna.

Námsgögn:

- Lestrarlandið 1 og 2.
- Lestrarbækur MMS auk lestrarbóka af bókasöfnum sveitarfélagsins.
- Skriftarbækur.
- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Byrjendalæsis og Leikur að læra.
- Námsleikir og málfræðiæfingar á vef.